

SKILAGREIN (Report) vegna notkun listar í kvikmynd/þáttaseríu – SÍK

Nafn myndar/þáttaseríu: _____

Framleiðandi (ábyrgðaraðili): _____

Tengiliðaupplýsingar (netfang og sími): _____

Greiðandi höfundaréttar (Nafn, kennitala, heimilisfang):

Áætluð frumsýning (dags.) og dreifing: _____

Haka skal í hvers konar birtingaleyfi er óskað eftir;

___ : Alþjóðleg birting (ótakmörkuð)

___ : Eingöngu birting á Íslandi (heimamarkaður)

Listaverk	Höfundur	Athugasemd

* Eftir að vinnslu við kvikmynd/lýkur, og innan 15 daga frá læstu klippi, ber framleiðanda að senda ofangreinda **skilagrein** til Myndstefs og tilgreina þar öll þau verk sem birtast sannarlega í kvikmynd/þætti.

* Í kjölfarið reiknar **Myndstef** þóknun, í samræmi við viðmiðunargjaldskrá milli SÍK og Myndstefs, og gefur út **reikning**. Þegar reikningur hefur verið greiddur veitist leyfið formlega. Myndstef getur gefið út sérstakt **leyfi** á ensku, sé þess óskað.

* **Framleiðandi** ber ábyrgð á greiðslu reiknings. Gjaldþagi er á *útgáfudegi reiknings* og eindagi 14 dögum síðar. Vextir og dráttarvextir reiknast frá *gjaldþaga*.

* **Myndstef** er skylt að fara yfir eyðublað og tilkynna framleiðanda ef um er að ræða höfunda sem njóta ekki lengur höfundaréttarverndar og/eða ef samtökin fara ekki með umboð höfundar.

* Fylla skal út reitinn „**Athugasemd**“ eingöngu ef ástæða þykir fyrir skoðun/lækkun/niðurfellingu kostnaðar vegna einhverra eftirtalinna ástæðna:

- ef skilyrði 2. mgr. 25. gr. höfundalaga nr 73/1972 eiga við,
- ef um verk staðsett varanlega utanhúss er um að ræða og skilyrði 16. gr. sömu laga eiga við.

Þó geta eftirfarandi viðmið átt við hvað varðar að verk sé eitt aðalatriði ramma/myndar eða aukatriði:

- hvort rammi/mynd getur staðið óbreytt listrænt og efnislega án verksins,
- hvort verk er til lágmarksskreytingar,
- hvort verk birtist úr fókusi í bakgrunni,
- hvort verk er ekki **eitt** aðalatriði senu, lokaafurðar eða ramma,
- hvort verk hefur ekki listrænan eða sögulegan tilgang
- hvort verk birtist einungis í óverulegan tíma og/eða er ógreinanlegt.

Myndstef áskilur sér rétt til þess að óska eftir frekari gögnum telja samtökin þess þarft. Ef vafamál koma upp eða óvissa vegna birtingu verka er hægt að óska eftir úrskurði Myndstefs um þau tilvik.

* Hægt er að fá að skila **áætlun** um fyrirhugaða birtingu/notkun í verkefni til Myndstefs. Þá ber að taka fram öll þau verk sem mögulega munu birtast í kvikmynd/sjónvarpsþáttum. Framleiðanda er gefin áætlun upphæð sem miðast þá við áætlunina, sem leiðréttist svo við endanlega skilagrein. Með þessu getur framleiðandi gert ráð fyrir kostnaði.